

Lög

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð iðnaðarráðherra, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Um löggildingu skal hafa samráð við menntamálaráðherra og landssamtök meistara og sveina.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Hver maður getur leyst til sín meistarabréf ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr., hefur lokið sveinsprófi, unnið síðan undir stjórn meistara í iðngrein sinni eitt ár minnst og jafnframt lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Eigi sveinn ekki vöð á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar telst tveggja ára starf hans í þeirri grein jafngilt starfi hjá meistara en lögreglustjóri skal gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort vöð sé á slíku starfi. Sama gildir í iðngreinum þar sem ekki er starfandi meistari eða þar sem sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara.

3. gr.

Í stað 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf.

Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf.

4. gr.

Í stað orðanna „til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs“ í 16. gr. laganna kemur: til missis iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 3. másl. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Samþykkt á Alþingi 21. desember 1999.